

3.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 19.mars 2024 kl. 14:00. Vegna ófærðar er fundurinn haldinn í fjarfundi.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarheiður J. Fossdal Melum1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík. 1.varamaður forfallaðist og ekki var unnt að kalla til annan tímanlega.

Dagskrá fundarins;

1. Seinni umræða um samþykkt um breytingu á samþykktum um stjórn Árneshrepps nr. 1320/2018. Ásamt viðauka 1 um framsal til Ísafjarðarbæjar.
 2. Staðan á stóru málnum; Ljósleiðari og þrífösun, og Norðurfjarðarhöfn.
 3. Tölvupóstur frá Land og skógur varðandi skógrækt og landgræðslu.
 4. Umsóknir um rekstur Kaffi Norðurfjarðar.
 5. Stóri plokkgalurinn 28.apríl 2024. Hvetja til þátttöku.
 6. Norlandair áætlunarflug í sumar hvaða dag viljum við.
 7. Skipulagsfulltrúi Tölvupóstur varðandi þróun skipulagsgáttar hjá Skipulagsstofnun, lagt fram til kynningar.
-
1. Seinni umræða um samþykkt um breytingu á samþykktum um stjórn Árneshrepps nr. 1320/2018, ásamt Viðauka 1 um framsal til Ísafjarðarbæjar. Oddviti ákvað að taka aftur fyrir til seinni umræður þessi atriði. Ákveðið var að skoða aftur þann gerning að Árneshreppur hafi ekki lengur fulltrúa í stjórn, heldur aðeins áheyrnarfulltrúa. Athuga hvort þetta er lögmæt aðgerð þar sem Árneshreppur á 10% hlut í Sorpsamlagi Strandasýslu og þessi breyting gerð einhliða á síðasta kjörtímabili. Hreppsnefnd ræddi bæði samþykkt um breytingu og Viðauka 1 um framsal til Ísafjarðarbæjar og samþykkti hvoru tveggja óbreytt eftir seinni umræðu.
 2. Staðan á stóru málnum; Ljósleiðari og þrífösun, og Norðurfjarðarhöfn. a) Ljósleiðaramálin eru í réttum farvegi og vonast er til þess að hægt verði að byrja lokaáfangi strax í vor. b) Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn fara einnig af stað með vorinu, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur heimilað frest til loka júlímánaðar.
 3. Tölvupóstur frá Land og skógur varðandi skógrækt og landgræðslu. Lagt fram til kynningar og umræðu. Ákveðið að senda bændum sveitarfélagsins erindið frá samtökunum þeim til upplýsingar.
 4. Umsóknir um rekstur Kaffi Norðurfjarðar. Umbeðnar upplýsingar hafa verið sendar umsækjendum og mun oddviti vera í sambandi við þá sem sóttu um,

1. Stóri plokkgaturinn 28.apríl 2024. Hvetja til þátttöku. Hreppsnefnd ákvað að senda upplýsingar og hvatningu til íbúa á FB síður Árneshrepps.
2. Norlandair áætlunarflug í sumar hvaða dag viljum við. Komið hefur fram sú skoðun að miðvikudagur sé ekki besti dagurinn fyrir sumaráætlun, en þessu verði ekki breytt í sumar því að sumaráætlun sé þegar komin í auglýsingu og farið að selja farseðla eftir þeirri áætlun. Ákveðið var að leggja fram fljótlega óskir um breytingar á sumaráætlun fyrir sumarið 2025.
3. Skipulagsfulltrúi; Tölvupóstur varðandi þróun skipulagsgáttar hjá Skipulagsstofnun, lagt fram til kynningar. Einnig var farið yfir það hvaða mál liggja fyrir til afgreiðslu hjá skipulags- og byggingarnefnd sem eru nokkur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:15.